

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins, um breytingar á bæklingi fyrir eldri borgara, lögð fyrir velferðarráð 21. ágúst 2019.

Tillaga Flokks fólksins að nokkrum breytingum sem gera má á þeim bæklingi sem borgin sendir öllum þeim sem verða 75 ára. Bæklingur sem þessi þarf auk þess að vera aðgengilegur helst að byrja á sérstökum kafla þar sem upplýsingar um réttindi sundurliðuð eftir hópum eru listaðar upp, gerð grein fyrir þeim í stuttu máli, og hvað það er sem er neytendum að kostnaðarlausu og hvað er gegn gjaldi. Fallegar myndir eru ekki atriði í svona bæklingi. Mikilvægt er að hafa upptalningu á félagsmiðstöðvum, félagasamtökum, og stöðum þar sem hægt er að fá keyptar máltíðir. Einnig hvaða matvöruverslanir senda heim vörur ef keypt er fyrir ákveðna lágmarksupphæð. Í bæklingnum mættu vera upplýsingar um hvar eldri borgarar fá sálfræðiþjónustu eða annan stuðning. Nefna þarf samtök og félög sem styðja við bakið á eldri borgurum t.d. vanaheimsóknir Rauða Krossins. Í bæklingnum ættu að vera upplýsingar sem gagnast þeim sem eru ánetjaðir lyfjum eða áfengi og hvert hægt er að sækja aðstoð. Hugsa þarf svona bækling að hann sé fyrir breiðan hóp fólks, bæði þá sem eru efnadir og efnaminni sem og fátækir og/eða einmana og einangraðir. Þetta er sennilega aðeins smá brot af því sem mætti nefna til að bæta bækling þann sem hér um ræðir.